

Mál nr. 405/2018**M og
V vegna ábyrgðartryggingar L****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 13.12.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 3.1.2019.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að mistök voru gerð hjá L þegar það vann að úrbótum við lagnakerfi í íbúðarhúsnæðinu H. Úrbæturnar voru gerðar í mars 2017 en mistökin uppgötvaðust ekki fyrr en í október 2018. Mistökin fólust í því að lokað hafði verið fyrir frárennsli úr vaski sem leiddi til þess að vatnið fór aðra leið en í gegnum frárennslið og það leiddi til raka í húsnæðinu. Þar sem orsök rakans var M ekki kunn fyr en um síðir reyndu þau að koma í veg fyrir hann með ýmsum leiðum og meðal annars var húsið dreinað. M greiddu sérfræðingum og iðnaðarmönnum háar upphæðir vegna aðgerðanna og telja þau að ógerlegt hafi verið að átta sig á mistökum L og þau hafi því stofnað til ónauðsynlegs kostnaðar. Þau gera þá kröfu að fá greiddar bætur vegna þeirra aðgerða sem þau réðust í.

V viðurkennir bótaskyldu vegna mistaka L en hafnar því að kostnaður tengdur drenframkvæmdum verði bættur sem og kostnaður við hellulögn eftir framkvæmdirnar. Félagið telur engin orsakatengsl milli drenframkvæmdanna og sakar L. Félagið telur að M hafi fengið ranga ráðgjöf um að fara í drenframkvæmdir og að það geti ekki borið ábyrgð á því.

Aðilar málsins eru sammála um að nefndin taki afstöðu til bótatillagna.

M krefst þess að fá eftirfarandi bætur:

1. Dren	að fjárhæð kr. 2.942.000
2. Blómabeð	að fjárhæð kr. 300.000
3. Efla ráðgjafi	að fjárhæð kr. 45.900
4. Málning á stigapalli	að fjárhæð kr. ? (tillaga V kr. 80.000)
5. Múrvinna á tröppum og bílaplani	að fjárhæð kr. 157.912
6. Þórir múrari, rakamælingar	að fjárhæð kr. 50.000
7. Hellulögn eftir drenframkvæmdir	að fjárhæð kr. ?
8. BM Vallá, hellur ofl.	að fjárhæð kr. 55.101
9. Lykt í geymslu í kjallara	að fjárhæð kr. ? (tillaga V kr. 50.000)
10. Myndataka niðurfall	að fjárhæð kr. 22.735
11. Brotvinna til að komast að lögnum	að fjárhæð kr. ? (tillaga V kr. 150.000)
12. Niðurfall lagfært	að fjárhæð kr. 150.000
13. Flísar á gólf	að fjárhæð kr. 60.000
14. Þríf vegna framkvæmda	að fjárhæð kr. ? (tillaga V kr. 120.000)

V hefur samþykkt bóталиði 3., 6., 10., 12. og 13 og hefur komið fram með bótatillögur vegna liða 4., 9., 11. og 14 sem hefur ekki verið mótmælt. Eftir stendur ágreiningur um bóталиði 1., 2., 5., 7. og 8.

Álit.

Óumdeilt er að rakinn í íbúðarhúsnæðinu stafaði af mistökum L við vinnu við lagnakerfið. Augljóst er að M gátu ekki tilkynnt V um tjón sitt fyrr en vitað var að L hefði gert mistök við lagnavinnunna. Því var eðlilegt að M réðust í þær framkvæmdir sem þau töldu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir raka í húsnæðinu. Framkvæmdirnar voru viðamiklar og kostnaðarsamar fyrir M. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir mat sérfræðinga á því að nauðsynlegt hafi verið að fara í drenframkvæmdir og þegar af þeirri ástæðu getur ekki komið til álita að úrskurða bætur vegna þeirra né afleiddra verkefna vegna þess, sbr. bóталиði 1., 2., 5., 7. og 8.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir skv. bótaliðum 3., 4., 6. og 9.-14 úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík, 22. janúar 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur S. Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.